



## Stjórnarfundur 2 þriðjudaginn 21. ágúst 2012 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl og Valdimar Hafsteinsson

Afboð og mættu ekki: Aðalsteinn Einar Eymundsson, Kristján Geir Guðmundsson og Óskar Hauksson

### Dagskrá

- Mótahald
- Landsliðin
- Dómaragjöld
- Afmæli BLÍ
- Önnur mál

## Fundargerð

### Landsliðsmál

- U17 ára landsliðin eru að fara út 6.-10. september að fara til Kuortane. Fararstjóri er Natalia Ravva og Magnús Aðalsteinsson með strákana. Einar og Þórey verða þarna á eigin vegum og verða í kringum liðin.
- U19 ára liðin keppa í Kristiansand um miðjan nóvember. Á eftir að ráða þjálfara, Emil er að hugsa málið en Brynjar verður ekki með U19 ára liðið.
- A landsliðin. Undankeppni HM í janúar, fyrsta vikan og Smáþjóðaleikar í júní 2013. Á eftir að ganga frá þjálfaramálum en landsliðsnefndin fundaði í síðustu viku til að leggja línurnar í þessu.

### Mótahald

- Viðburðadagatal lagt fram sem er í raun að mestu leyti staðfest.
- Bikarkeppnin – Varmá 19.-20. október og Neskaupstaður 1.-2. febrúar. Tillaga sem kom inn frá mótanefnd og er hún samþykkt svona en væri kannski betra að svissa mótunum? Mótanefnd þarf að taka ákvörðun um það.
- Árs- og uppskeruhátíð lendar í árekstri við yngriflokkamót fyrir austan. Lagt til að hafa hátíðina 26. apríl – Þróttur Reykjavík. Sævar kemur því áleiðis til félagsins um þessa breytingu.
- Karlalið Þróttar Nes hefur komið með fyrirspurn um að komast inn í efstu deild karla. Stjórn telur það mjög jákvætt mál og er ljóst að liðin verða 6 lið. Mótanefnd þarf því að endurskipuleggja leikjaplan karladeildarinnar og taka ákvörðun um fyrirkomulag.

### Dómaramál

- Tillaga lögð fram frá dómaranefndinni og þetta rætt og ákveðið aðeins 1000 króna hækkun verð á gjöldunum frá fyrra ári.

### Afmæli BLÍ

Ákveðið að þann 11. nóvember 2012 verði kaffisamsæti með velunnurum blakhreyfingarinnar. Sérstaklega skal bjóða fyrrum formönnum, formönnum félaganna, landsliðsfólki o.fl.

### Önnur mál

Stefán með mál er varðar þjálfarann Sebastien frá Grundarfirði sem er með hugmynd um alþjóðlegt unglíngamót. Stjórn tók vel í þessa hugmynd og leggur sitt á vogarskálarnar með framkvæmd á þessu. Þarf þó að koma skýrari mynd frá honum í samstarfi við BLÍ fljótlega.

*Fundi slitið kl. 17:45*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*